

Reykjavík 20. desember 2016

Hr. forseti Alþingis
Steingrímur J. Sigfússon

Hér með er óskað eftir því, að þér komið eftirfarandi áskorun á framfæri til alþingismanna:

Áskorun

Á útifundi Flokks Fólksins á Austurvelli þann 5. nóvember síðastliðinn var samþykkt samhljóða eftirfarandi áskorun til nýkjörinna alþingismanna:

1. Núverandi kjararáð verði þegar sett af vegna brota á 2. mgr. 8. gr. laga um kjararáð en þar segir.... **Kjararáð skal ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði.*
Nýgengnar samþykktir þeirra verði afturkallaðar, nýtt kjararáð verði skipað og skal því einnig falið að úrskurða um kjör eldri borgara og öryrkja.
2. Afnema skal allar skerðingar af lífeyris og launatekjum.
3. Skattleysismörk verði miðuð við kr. 300.000.- á mánuði.
4. Verðtrygging á neytendalánum verði afnumin strax.
5. Til að tryggja láglounafólki möguleika á úrbótum í húsnæðisvanda verði komið á kaupleigu húsnæðis í eigu íbúðalánasjóðs og nýju húsnæði í eigu opinberra aðila.

Virðingarfyllst f.h. Flokks Fólksins

Inga Sælad